

Dómarafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/386
komudagur 2.12.2009

Reykjavík, 30. nóvember 2009.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags. 25. nóvember sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um kjararáð (framlenging launalækkunar alþingismanna og ráðherra), 195. mál.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að til ársloka 2010 sé óheimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs, sem kveðnir voru upp á árinu 2009 til hækkunar.

Stjórn Dómarafélags Íslands sendi umsögn sína í bréfi til nefndasviðs Alþingis 12. desember 2008, við frumvarp það sem varð að lögum nr. 148/2008 um breytingu á lögum nr. 47/2006 um kjararáð. Er vísað til þeirrar umsagnar í heild sinni, en þar kemur m.a. fram að orðalag 1. gr. laganna, að því er varði sérstöðu dómara, gefi til kynna að þeir skuli vera undanskildir því að sæta launalækkun. Við annan tón kveði þó í athugasemdum með frumvarpinu. Þar sé því haldið fram fullum fetum að grunnreglur um sjálfstæði dómssvaldsins, sbr. 2. og 70. gr. stjórnarskrár komi ekki í veg fyrir að kjararáð geti á grundvelli lagabreytingarinnar kveðið á um launalækkun dómara. Til stuðnings þessu sjónarmiði er síðan vísað til forsendna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. desember 2006 í máli nr. E-1939/2006. Er svo komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé óheimilt að fella hæstaréttar- og héraðsdómara undir þá sem þurfi að sæta hlutfallslegri launalækkun samkvæmt nýjum úrskurði.

Þessum rökum er enn sem fyrr mótmælt af hálfu dómarafélagsins, enda virðast þær fara í bága við þau grundvallarsjónarmið um sjálfstæði dómstóla sem niðurstaða fyrrnefnds dóms var byggð á. Stjórn dómarafélagsins ítrekar að á síðustu áratugum hefur verið unnið að því að styrkja stöðu og sjálfstæði dómssvaldsins. Í mótun löggjafar um dómstóla hefur verið lögð áhersla á að hafa verði í huga eftirlitshlutverk dómstólanna með hinum tveimur valdþáttum ríkisins. Við ákvörðun um launakjör dómara verður að gæta að stjórnskipulegri kröfu um sjálfstæði þeirra og hefur það verið gert með því að fela sjálfstæðri stjórnarsýslunefnd, fyrst Kjaradómi og nú Kjararáði, að ákveða laun dómara, sbr. 25. gr. laga um dómstóla. Íhlutun löggjafans um breytingu á því fyrirkomulagi með þeirri launalækkun til dómara sem varð með lögum nr. 148/2008 og samkvæmt því lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir, um að óheimilt sé að

endurskoða úrskurði kjararáðs sem kveðnir voru upp á árinu 2009 til hækkunar, samrýmist ekki, að mati stjórnar dómarafélagsins grunnreglum 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, um sjálfstæði dómsvaldsins.

Benda má á að á vorfundi Evrópusamtaka dómara, sem var haldinn í Kraká í Póllandi 15. og 16. maí 2009, var tekið fyrir erindi Dómarafélags Íslands vegna ákvörðunar kjararáðs um launalækkun dómara og þar gerð grein fyrir málinu. Á fundinum var ályktað um launamál nokkurra landa, m.a. Íslands, og þeim ríkisstjórnnum, sem þegar hefðu tekið ákvarðanir um að lækka laun dómara eða áformuðu það, bent á að það gæti brotið í bága við þær reglur og ályktanir sem samþykktar hefðu verið á alþjóðlegum vettvangi um sjálfstæði dómstóla. Þessi ályktun var send forsætisráðherra, dómsmálaráðherra og kjararáði með bréfum félagsins 27. maí 2009. Sérstakri nefnd á vegum Evrópusamtakanna var falin áframhaldandi meðferð málsins. Sú nefnd hefur óskað eftir ítarlegum upplýsingum um málið, m.a. enskum þýðingum á lögum og öðrum gögnum er málið varða. Mál þetta var rætt við nefndarmenn á ársþingi Alþjóðasamtaka dómara í Marrakech í október og er það áfram til athugunar þar.

Í bréfi Dómarafélags Íslands til forsætisráðherra frá 8. apríl 2009 var óskað upplýsinga um það hvort hafnar væru áformaðar viðræður við hálaunahópa hjá ríkinu um svipaðar launalækkunir og hjá þeim sem undir kjararáð heyri. Jafnframt var óskað upplýsinga um hvort hlutast yrði til um það að laun allra stjórnenda opinberra stofnana og hlutafélaga í eigu ríkisins, sem ekki heyri undir kjararáð, yrðu lækkuð. Einnig var óskað upplýsinga um hvort sama muni gilda um ýmsa háttlaunaða sérfræðinga í ríkisþjónustu, sem starfi á grundvelli kjara,- ráðningar,- eða sérstakra verksamninga. Tekið var fram í bréfinu að Dómarafélagið teldi mikilvægt að afla þessara upplýsinga til að leggja mat á hvort jafnræðis hefði verið gætt við ákvörðun kjararáðs um launalækkun. Niðurstaðan að þessu leyti gæti haft áhrif á viðbrögð félagsins af þessu tilefni.

Svar forsætisráðherra barst með bréfi dags. 10. september 2009. Þar kemur fram að aðilar á vinnumarkaði ásamt ríkisstjórn hafi undirritað stöðugleikasáttmála sem hafi það markmið að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Launabreytingar kæmu fyrst og fremst þeim sem lægri laun hafa til góða. Í samræmi við það hafi fjármálaráðherra gert samkomulag við allnokkur stéttarfélög um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010. Einnig hafi verið gert samkomulag við Læknafélag Íslands um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila. Meginniðurstaða hans sé sú að lægsti launaflokkur hækki lítillega en aðrir launataxtar haldist óbreyttir á samningstímanum frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010. Þá hafi ríkisstjórnin markað þá stefnu að laun ríkisstarfsmanna fyrir reglubundið vinnuframlag verði ekki hærri en laun forsætisráðherra. Enn fremur hafi ríkisstjórnin lagt fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um kjararáð og fleiri lögum, lög nr. 87/2009. Með þeim séu gerðar breytingar á ýmsum lögum í þeim tilgangi að færa til kjararáðs ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna hlutafélaga og annars konar félaga sem að meirihluta séu í eigu ríkisins. Auk þess séu með lögnum gerðar nauðsynlegar breytingar til að færa ákvörðun um starfskjör forstöðumanna stofnana ríkisins þar sem stjórnir ákveði starfskjör þeirra og forstöðumanna opinberra hlutafélaga til kjararáðs. Í niðurlagi bréfsins er tekið fram að haft verði að leiðarljósi að laun ríkisstarfsmanna, sem hafi heildarlaun umfram 400 þúsund krónur á mánuði, lækki um 3-10%.

Dómarafélagið bendir á, að við ákvörðun kjararáðs um lækkun dómara 10. mars sl., hafi tveir ráðsmanna skilað sératkvæði og talið svo almenna lækkun launa ekki hafa átt sér stað hjá þeim ríkisstarfsmönnum, sem hafa bæri til viðmiðunar, til þess að heimilt og rétt væri að lækka laun dómara, að teknu tilliti stjórnskipulegrar sérstöðu þeirra. Lækkun á launum dómara yrði því ekki framkvæmd á þann hátt sem lög nr. 148/2008 gerðu ráð fyrir, nema annað og meira kæmi til. Um leið og tekið er undir þessi sjónarmið þykir og rétt að minna á, með vísan til ofangreinds bréfs forsætisráðherra, að með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör fleiri ríkisstarfsmanna en áður var mælt fyrir um í lögum nr. 47/2006. Félaginu er ekki kunnugt um að til slíkra almennra launalækkana hafi komið hjá öllum þeim ríkisstarfsmönnum sem nú heyra undir kjararáð, og hafa ber til viðmiðunar. Í því ljósi mótmælir dómarafélagið einnig ofangreindu frumvarpi.

Fyrirsjáanlegt er að álag á dómstólana mun á komandi mánuðum og árum margfaldast vegna mála sem sprottin eru úr þeim vanda sem rekja má til bankahrunsins hér á landi. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikil þörf á að standa vörð um sjálfstæði dómstólanna eins og nú er og tryggja að borgararnir geti borið óskorað traust til þeirra. Það er mat Dómarafélags Íslands í ljósi alls ofangreinds, að með því frumvarpi sem lagt hefur verið fram um að ekki sé heimilt að endurskoða úrskurði kjararáðs frá árinu 2009 til hækkunar, sé enn á ný vegið að sjálfstæði dómstólanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Dómarafélags Íslands,



Ingvaldur Einarsdóttir, formaður.